



Hörgársveit
Arnar Ólafsson
Belamerkurskóla
601 AKUREYRI

Garðabær, 22. janúar 2026

Málsnúmer: 202512-0018

NA

Efni: Endurskoðun Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024

Vísað er til erindis frá Hörgársveit, sem barst þann 11. desember 2025 í gegnum Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um endurskoðun aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu aðalskipulagsins þann 13. desember 2023. Einnig hefur Náttúrufræðistofnun veitt umsagnir um önnur einstök mál innan sveitarfélagsins, sem vísað er til í tilteknum köflum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér endurskoðað aðalskipulag og vill koma eftirfarandi á framfæri:

Í kafla 2 í greinargerðinni, þar sem tilgreindar eru stefnur og áætlanir á landsvísu, mætti geta þess að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra gaf nýlega út stefnu íslenskra stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni (1). Þar sem töluvert er fjallað um líffræðilega fjölbreytni í greinargerðinni er vert að benda á þessa nýju stefnumótun og þau efnisatriði sem hún ávarpar.

Yfirlit yfir landslag, jarðfræði og gróðurfar svæðisins í forsendu- og umhverfismatsskýrslunni gefur nokkuð góða mynd af náttúrufari í sveitarfélaginu. Náttúrufræðistofnun vekur þó athygli á því að auk gróðurkortsins í 1:500.000 hefur Náttúrufræðistofnun gefið út vistgerðarkort í 1:25.000 byggt á fjarkönnunargögnum sem heppilegra væri að styðjast við ([Náttúrufræðistofnun](#)). Greinilega hefur þó verið stuðst við vistgerðaflokkun í greinargerðinni þar sem einstaka vistgerðir og verndargildi þeirra er nefnt, til að mynda í kaflanum um skógrækt.

Jákvætt er að sjá markmið og stefnur sem tengjast umhverfis- og náttúruvernd í greinargerðinni og að áhersla sé á líffræðilega fjölbreytni. Náttúrufræðistofnun bendir á mikilvægi vernd jarðbreytileika og merkra jarðminja og að mikilvægt sé að áhrif skipulagsins taki einnig mið af því. Til að mynda mætti bæta jarðminjum við undir markmiðum í kafla 6.1 um óbyggð svæði í greinargerðinni og undir heildarmarkmiðum í kafla 7.3 í forsendu- og umhverfismatsskýrslunni. Í markmiði í kafla 6.6 undir önnur náttúruvernd er fjallað um að vernda eigi vistkerfi og jarðminjar sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd. Náttúrufræðistofnun bendir þó á að aðrar jarðminjar en þær sem þar eru tilgreindar geti einnig verið merkilegar og með hátt verndargildi. Ekki síst ýmis konar berghlaup og skriðuföll og verðmætar landslagsheildir á fjalllendum svæðum en slíkar minjar er víða að finna í sveitarfélaginu. Náttúrufræðistofnun heldur utan um skráningu jarðminja og mat á verndargildi þeirra og er tilbúin til að veita ráðgjöf varðandi einstakar jarðminjar innan sveitarfélagsins og stöðu þeirra. Sérstaklega þarf að huga vel að verndun jarðminja við efnistöku og skógrækt.



Í sveitarfélaginu eru margir fundarstaðir sjaldgæfra plöntutegunda sem eru friðaðar skv. auglýsingu nr. 1385/2021 og/eða eru á valista, eins og fram kemur í yfirlitskafla um gróðurfar. Við skipulagsáform við og í næsta nágreinni við fundarstaðina þarf að tryggja verndun þessara tegunda en nánar er komið að því síðar. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um þetta atriði.

Eins og fram kemur eru friðlýst svæði innan sveitarfélagsins; Fólkvangurinn Hraun í Öxnadal og hverastrýturnar á botni Eyjafjarðar og norður af Arnarnesnöfum. Að auki eru fjögur svæði á C-hluta náttúruminjaskrár; hluti af fjalllendinu milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar (501), Hörgárósar (506), Hraunsvatn og Vatnsdalur (502) og Krossanesborgir (507). Hraunsvatn og Vatnsdalur skarast að hluta til við Fólkvanginn Hraun í Öxnadal og hluti Krossanesborga hefur verið friðlýstur. Mörk friðlýsta svæðisins eru þó við sveitarfélagsmörkin og ættu því ekki að teljast sem friðlýst svæði innan sveitarfélagsins eins og gert er ráð fyrir í töflu 20. Öll svæðin á C-hluta náttúruminjaskrár ættu að vera merkt inn á aðalskipulagið undir önnur vernd. Gagnlegt væri að hafa friðlýst svæði, svæði á C-hluta náttúruminjaskrár og hverfisverndarsvæði á sama korti. Mikilvægt er að tryggja að verndargildi svæðanna sé viðhaldið og meta þarf áhrif annarrar landnotkunar og starfsemi á svæðin samanber 37. gr. í lögum um náttúruvernd 60/2013. Gert er ráð fyrir skógrækt á Hálsi í Öxnadal sem er innan svæðis á C-hluta, Hraunsvatn og Vatnsdal (502), og einnig eru efnistöku- og losunarsvæði innan Hörgárósa og Krossanesborga.

Náttúrufræðistofnun ítrekar það sem kom fram í fyrri umsögn frá stofnuninni að horfa til þess að meta hvort tilefni er að styrkja verndun svæða á C-hluta eins og við á s.s. með friðlýsingum. Hörgárósar eru t.a.m. mikilvægt fuglasvæði í Eyjafirði.

Náttúrufræðistofnun lýsir yfir ánægju að það sé markmið um að stuðla að samtengingu svæða á náttúruminjaskrá með tillögum að hverfisvernd. Tillaga er um tvö svæði, Hjalteyri og Hjalteyrartjörn og hins vegar Krossanesborgir og strandlengjuna, sem er einnig á C-hluta náttúruminjaskrár. Athygli er vakin á því að svæðið við Krossanesborgir vantar á mynd 9.

Skógrækt er nokkuð umfangsmikil í sveitarfélaginu og gerir aðalskipulag ráð fyrir aukinni skógrækt. Fram kemur í greinargerðinni að skógrækt geti stuðlað að kolefnisbindingu, jarðvegsvernd og aukinni líffræðilegri fjölbreytni. Náttúrufræðistofnun vill benda á líkt og í fyrri umsögnum að mörg náttúruleg vistkerfi eru í sjálfu sér vel til þess fallin að binda kolefni, sérstaklega mýrlendi og frjósamt graslendi líkt og língrésis- og vingulsvist. Graslendisvistkerfi eru með frjósömustu vistkerfum jarðarinnar með mikla lífræna virkni og verulega kolefnisbindingu. Það er því óvíst að skógrækt á svæðinu muni auka kolefnisbindingu, nema þá helst á rýru mólendi og moslendi þar sem áburðargjöf fylgir útplöntun. Vistkerfi barrskóga eru þvert á móti með rýran botngróður og nokkuð frábrugðna jarðvegseiginleika samanborið við jarðveg á grónu landi hér á landi. Jarðvegsrof er lítið á svæðinu, nema þá helst í grýttum fjallhlíðum, sem bendir til þess að gróið land, einkum graslendi og mólendi, sé af náttúrunnar hendi að binda kolefni í jarðvegi. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að fara varlega þegar skógrækt er stunduð með framandi trjátegundum, sérstaklega tegundum sem geta reynst ágengar og dreift sér út fyrir skilgreind skógræktarsvæði, líkt og getur verið tilfellið með stafafuru (2) og mögulega einnig sitkagreni (3).

Þrjú svæði eru skilgreind í forsendu- og umhverfismatsskýrslunni, Fagranes, Háls og Ytri-Bægisá II, en Náttúrufræðistofnun skilaði umsögn um matskyldufyrirspurn fyrir þau öll árið 2020. Fram kom í einni umsögn Náttúrufræðistofnunar að mikilvægt er að meta samlegðaráhrif skógræktar og verndargildi náttúruminja heildstætt fyrir allt land/landbúnaðarland í Hörgársveit. Ef áhrif eru aðeins metin fyrir hverja jörð fyrir sig á sama máta og gert hefur verið er hætt við að „lítil“ atriði sem kannski spila stóran þátt í heildarmynd náttúrufars á svæðinu fái ekki nægilega áherslu. Samkvæmt aðalskipulaginu eru



samanlögð stærð skógræktarsvæðis í Öxnadal nú um 364 hektarar. Til að mynda er ekki gerð grein fyrir samlegðar áhrif á mófugla samfara röskun á mólendi í Öxnadal.

Tekið er fram að Háls í Öxnadal er viðkvæmara en mörg önnur svæði vegna nálægðar við fólkvanginn Hraun í Öxnadal (athugið að rangt er farið með nafnið á fólkvanginum í texta) og að svæðið sé innan svæða á C-hluta á náttúruminjaskrá (samkvæmt teikningu á aðalskipulagi virðist allt svæðið vera innan svæðanna en ekki hluti þess eins og sagt er í texta). Náttúrufræðistofnun metur berghlaupið sem kennt er við Hraun í Öxnadal með hátt verndargildi á landsvísu og mjög hátt verndargildi á svæðisvísu. Það er eitt af glæsilegustu berghlaupum landsins og auk þess í sérlega stórbrotnu og tilkomumiklu landslagi. Hólahólar eru hluti af berghlaupinu og liggur austan Öxnadalsár. Friðlýsing Hólahóla væri mikilvægt skref í að varðveita heildstæða og merka jarðmyndun og sérstakt landslag. Æskilegt væri að friðlýsa allt berghlaupið, Hraunshraun og syðsta hluti þess í landi Háls og Engimýrar.

Í fyrri umsögn frá Náttúrufræðistofnun er það mat stofnunarinnar að skógrækt á svæðinu fer ekki saman við vernd á berghlaupum og landslagsheildar svæðisins og að hún geti valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum. Til að milda ásýndaráhrif á að gróðursetja birki í efri hluta svæðisins en aðrar tegundir neðar. Náttúrufræðistofnun ítrekar úr fyrri umsögn að líklegt er að stafafura dreifi sér út fyrir stærra svæði með sjálfssáningu og hefur mótvægisáðgerðin því takmarkaða virkni. Það er enn mat stofnunarinnar að betur færi að leggja áherslu á að vernda svæðið með það markmið að vernda jarðminjaheild og landslag á svæðinu. Minnt er á að samkvæmt skilyrðum fyrir skógrækt og skógræktarsamningi almennt þarf að tryggja að það sé á kostnað og ábyrgð skógareiganda að fjarlægja plöntur sem sá sér út fyrir hið eiginlega skógræktarsvæði. Einnig er vakin athygli á því að skv. 5. gr. auglýsingu um friðlýsingu fólkvangsins að Hrauni í Öxnadal nr. 534/2007 kemur fram að óheimilt er að rækta framandi plöntutegundir í fólkvanginum og því sérstaklega mikilvægt að huga að þess í nálægð við fólkvanginn.

Gert er ráð fyrir umtalsverði efnistöku í árfarvegi Höragsá. Náttúrufræðistofnun bendir á að almennt er efnistaka úr virkum árfarvegum óæskileg þar sem áhrif efnistöku geta haft áhrif lang upp og niður fyrir efnistökusvæðið s.s. á virk rofferli og lífríki. Einnig þarf að hafa í huga að efnistaka getur raskað búsvæðum fugla. Samkvæmt greinargerðinni á efnislosunarsvæði að vera innan Krossanesborga (507) og einnig er náma í notkun innan Hörgárósa (506). Bæði svæðin eru á C-hluta náttúruminjaskrár eins og áður hefur komið fram. Náttúrufræðistofnun minnir á 37. gr. í lögunum um náttúruvernd 60/2013 um að forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum á C-hluta náttúruminjaskrár.

Gert er ráð fyrir athafnarsvæði og höfn við Dysnes í aðalskipulaginu. Náttúrufræðistofnun hefur skilað umsögn um matsáætlun vegna hafnar og landfyllingar við Dysnes og matskyldufyrirspurn vegna líforkuvers. Vísað er til fyrri umsagna um málið. Náttúrufræðistofnun mat það svo að áhrifin vegna hafnar og landfyllingar yrðu töluverð á umhverfi og lífríki og að ekki var gerð nægileg grein fyrir ákveðnum þáttum í matskýrslunni. Einnig þarf að taka mið af áhrifum framkvæmdanna á svæði á náttúruminjaskrá í nágrenni svæðisins (hverastrýturnar í Eyjafirði og Hörgárósar). Mariulykill sem er skilgreind sem tegund í hættu og er friðuð hefur einnig fundist í nálægð við fyrirhugað framkvæmdarsvæði. Álit Skipulagsstofnunar, dagsett 19. júní 2024, var að framkvæmdin væri matskyld.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að vanda þarf val á staðsetningu á stækkun íbúðarsvæða út frá vernd á náttúru og auðlindum. Þetta á einnig við um uppbyggingu á frístundarbyggðum en það er ekki tekið jafn skýrt fram í greinargerðinni. Frístundarbyggðir er ekki taldar upp í töflu um mótvægisáðgerðir og vöktun eftir viðfangsefnum en lagt er til að þær bætist við þá töflu þar sem nýjar frístundabyggðir eru áætlaðar og talsvert er af þeim innan sveitarfélagsins.



Náttúrufræðistofnun tekur undir að við skipulagsákvæðanir sem geta haft áhrif á náttúru, samfélag eða vistkerfi er mikilvægt að bregðast við með viðeigandi mótvægisáðgerðum og vöktun. Náttúrufræðistofnun ítrekar að vöktunaráætlun þarf að vera skýr og henni þarf að fylgja eftir.

Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfellum er farið vitlaust með heiti á stofnunum sem hafa tekið breytingum eftir sameiningar ríkisstofnanna á því tímabili sem að endurskoðunin hefur farið fram. Umhverfis- og orkustofnun, Náttúruverndarstofnun, Náttúrufræðistofnun og Land og skógur eru til en Umhverfisstofnun, Orkustofnun, Náttúruverndarstofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landgræðslan og Skógræktin eru ekki til lengur.

Virðingarfyllst,

Nína Aradóttir

Nína Aradóttir

Jarðfræðingur

(1) Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið (2025). Líffræðileg fjölbreytni: Stefna og markmið til ársins 2030. [Líffræðileg fjölbreytni – Stefna og markmið til ársins 2030-digital.pdf](#)

(2) Wasowicz, P., Óskarsdóttir, G., & Þóra, E. P. (2025). Lodgepole pine (*pinus contorta douglas ex loudon*) invasion in subarctic iceland: Evidence from a long-term study. *NeoBiota*, 97, 47-66. <https://doi.org/10.3897/neobiota.97.134047>

(3) Nygaard, P. H., & Øyen, B.-H. (2017). Spread of the Introduced Sitka Spruce (*Picea sitchensis*) in Coastal Norway. *Forests*, 8(1), 24. <https://doi.org/10.3390/f801002>